

Aðalfundur v/ tímabils 2009-2010.

Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals var haldinn 25.11.2010. í þjónustumiðstöð samtakanna, Síðumúla 39.

Lesin var skýrsla stjórnar og reikningar (1.11 2009 -31.10.2010) samtakanna lagðir fram til samþykktar.

Sjóður samtakanna er tæmdur og er það vel.

Kom fram að íbúasamtökin hafa ekki legið á liði sínu, héldu mánaðarlega fundi frá hausti til sumars, stóðu fyrir nokkrum kynningarfundum á málefnum tengdum hverfi, auk útimarkaðar, spurningakeppni, hreinsunarátaks ofl.

Lagabreytingar voru engar, en lögð drög að breytingu fyrir næsta aðalfund.

Stjórnin var endurkjörin án mótframboðs.

Undir liðnum önnur mál voru lögð drög að verkefnum nýs árs.

Hugur er í mönnum varðandi framtíðarskipan hverfisins.  
Á nýju ári er stefnt að vinnu við að skoða þau mál.

Rætt var um markaði og gildi þeirra. Mikill hugur er í fólki til að auka breidd þess málaflokks.

Ýmislegt fleira bar á góma, umferðarmál, örnefni, samstarf við önnur félög ofl.

Fundi var svo slitið í sátt og samlyndi.